

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Pevaryl 1% krem

econazolnítat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Pevaryl og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Pevaryl
3. Hvernig nota á Pevaryl
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Pevaryl
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Pevaryl og við hverju það er notað

Pevaryl er notað til meðferðar við fót svepp.

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

2. Áður en byrjað er að nota Pevaryl

Ekki má nota Pevaryl

Ef um er að ræða ofnæmi fyrir econazolnítati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Pevaryl á eingöngu að nota á húð, ekki í augu eða munn. Þegar kremið er borið á skal þess gætt að það berist ekki í augu, þvoðu því hendurnar eftir hverja meðferð.

Ef þér hefur verið ávísað meðferð, sem er ætluð fyrir hendurnar ættir þú hins vegar ekki að þvo hendurnar eftir meðferðina.

Notkun annarra lyfja samhliða Pevaryl

Látið lækningurinn eða lyfjafræðingur vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að vera notuð.

Ef Pevaryl er notað samhliða sumum öðrum lyfjum getur það haft áhrif á verkunina. Því skal ekki nota Pevaryl samhliða eftirfarandi lyfjum án þess að tala við lækningurinn eða lyfjafræðing fyrst:

- blóðþynnandi lyf (warfarin, acenokumarol).

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Meðganga

Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema samkvæmt læknisráði. Pevaryl má nota á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móðurina vegur þyngra en möguleg hættu fyrir fóstrið.

Brjóstgjöf

Ekki er þekkt hvort Pevaryl berst í brjóstamjólk. Ráðfærðu þig við lækni áður en þú notar Pevaryl meðan þú ert með barn á brjósti.

Akstur og notkun véla

Pevaryl hefur engin þekkt áhrif á hæfni til aksturs eða starfa sem krefjast óskertrar árvekni.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Pevaryl krem inniheldur bensósýru og bútýlhýdroxýanisól

Pevaryl krem inniheldur 2 mg/g bensósýru. Bensósýra getur valdið staðbundinni ertingu. Bensósýra getur aukið á gulu (gulnun húðar og augna) nýbura (allt að 4 vikna).

Pevaryl krem inniheldur bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í auga og slímhúðum.

3. Hvernig nota á Pevaryl

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Meðferð við fót sveppum

Fyrir meðferð skal þvo og þurrka fætuna vandlega. Nota skal skó og sokka sem hleypa lofti í gegn.

Nuddið kreminu gætilega á sýkt húðsvæði að morgni og að kvöldi.

Halda skal meðferðinni áfram í 2 vikur eftir að einkenni eru horfin.

Ekki skal meðhöndla börn yngri en 10 ára nema að ráði lækis.

Ef þér er ávísað Pevaryl til meðferðar á höndum er mælt með að lyfið sé borið á eftir hvern handþvott.

Pevaryl litar hvorki fót né húð og það má þvo af með sápu og vatni.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) til að meta áhættuna og fá ráðgjöf. Ef Pevaryl berst í augu skal þvo þau með hreinu vatni eða saltlausn og leita til lækis ef einkennin hverfa ekki.

Ef gleymist að nota Pevaryl

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Leitið til lækisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Pevaryl valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 100 sem nota lyfið): Kláði, sviði, verkur

Sjaldgæfar (koma fyrir hjá innan við 1 af hverjum 100 sem nota lyfið): Húðroði, óþægindi og þroti

Hefur verið greint frá (koma fyrir hjá óþekktum fjölda notenda): Ofnæmi, snertihúðbólga, útbrot, blöðrur, húðflögnun

Hættu að nota Pevaryl og hafðu tafarlaust samband við lækni ef þú finnur fyrir einhverju eftirfarandi einkenna (ofnæmisþjúg)

- þrota í andliti, tungu eða hálsi
- kyngingarerfiðleikum
- ofnæmisútbrotum og öndunarerfiðleikum

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Pevaryl

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Lokið túpunni vel.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Pevaryl inniheldur

- Virka innihaldsefnið er econazolnítat.
- Önnur innihaldsefni eru bensósýra (E 210), bútýlhýdroxýanisól, Pegoxol-7-stearat, oleoyl-makrogolglýceríð, paraffínolía, hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Pevaryl og pakkningastærðir

Pevaryl 1% krem er hvítt með daufri lykt og er fánlegt í áltúpu sem inniheldur 30 g.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
Trimb Healthcare AB
Box 16184
103 24 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðandi

Lusomedicamenta - Sociedade Técnica Farmacêutica, S.A.
Estrada Consiglieri Pedroso, 69-B
Queluz de Baixo
2730-055 Barcarena,
Portúgal

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið
Alvogen ehf.
Sími: 522 2900
Netfang: info@alvogen.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2023.